



Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Fundargerð 82. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Dagsetning: miðvikudagur 18. september 2019 klukkan 16:30 í Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Viðstaddir:

Björg Ágústsdóttir (formaður), Hilmar Már Arason, Helga Guðmundsdóttir, Ari Bent Ómarsson, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari, Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistari, Erna Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara, Freydís Bjarnadóttir fjármálastjóri sem ritar fundargerð.

Formaður setur fund og býður fundarmenn velkomna á fund.

Dagskrá:

1. Kosning formanns skólanefndar.

Björg Ágústsdóttir endurkjörin formaður.

2. Fundargerð síðasta fundar lesin og lögð fram til samþykktar.

Fundargerð síðasta fundar skoðuð og samþykkt samhljóða. Næsti fundur er fyrirhugaður 18. nóvember kl 16.30.

3. Nemendatölur

Aðstoðarskólameistari fer yfir nemendatölur fyrir haustönn 2019.

Svipaðar heimtur nemenda af upptökusvæði skólans og síðustu ár.

11.9.2019							
	Í námi	Fjarnám	Nýnemar	Utanskóla	Grunnsk.	Skiptin.	Samt.
Starfsbraut	8						8
Félags- og hugvísindabraut	44	17	6	6	1		74
Náttúru- og raunvísindabraut	23	2	11				36
Opin braut	9	41	7	1		1	59
Framhaldsskólabraut 1	3		5				8
Framhaldsskólabraut 2	4	1	19				24
Viðbótarnám til stúdentspr.		2					2
Samtals í námi	91	63	48	7	1	1	211



Fjölbrotaskóli Snæfellinga

Fundarmenn ítreka mikilvægi þess að halda merkjum skólans á lofti og kynna starf skólans. Það má ekki taka því sem gefnum hlut að fá nemendur.

4. Foreldrafundur 26. ágúst 2019

Það var fín mæting á foreldrafund haustsins þar sem skólastarfið var kynnt fyrir foreldrum nýnema.

5. Foreldrafélag FSN

Það er því miður ekki virkt foreldrafélag við FSN. Þeirri hugmynd að senda út póst á foreldra nemenda FSN og kynna hlutverk foreldrafélagsins varpað til stjórnenda.

6. Fjárlög 2020

Skólameistari fer yfir fjárlög 2020. Fjárframlög eru í lagi. Áætlaðir nemendur 2020 eru samkvæmt ráðuneytinu 140, en ef nemendur verða fleiri þarf að vera vakandi fyrir því að fá auka framlag.

7. Starfsmannamál

Skólameistari fer yfir breytingar á starfsmannahaldi á haustönn 2019. Í sumar voru auglýstar leiðbeinendastöður. Nýjr starfsmenn eru í mötuneyti sem nú er rekið af FSN. Annað nýtt starf er mannauðsstjóri, en hann sér meðal annars um nýju persónuverndarlögin. Ágústa Jónsdóttir og Þiðrik Örn Viðarsson eru kennaranemar við FSN í vetur.

8. Mötuneyti

FSN hefur tekið við rekstri mötuneytis skólans. Það var ákveðið að auglýsa eftir starfsfólki frekar en að auglýsa eftir útboði. Það eru 46 nemendur í mataráskrift og þó nokkrir sem kaupa matarmiða. Það er almenn ánægja með mötuneytið.

9. Kynning á nýjum námslínunum í FSN

Aðstoðarskólameistari fer yfir möguleika á því að vera með fjölda ólíkra lína frekar en ólíkar brautir. Nemendur stunda nú nám á nýrri íþróttalínu, undir opinni braut. Það er einnig ný viðskipta- og hagfræðilína. Það er von skólastjórnenda að hægt verði að kynna



Fjölbrotaskóli Snæfellinga

fleiri nýjar línur.

Ný lína Verslunarskóla Íslands, stafræn viðskiptalína skoðuð og vöngum velt yfir mögulegri framþróun kennslu í skólanum.

10. Stefnumótun

Það er tímabært að fara að skoða framtíðina og rýna hvert Fjölbrotaskóli Snæfellinga stefnir og í hvaða átt skólastarfið á að þróast. Skólanefnd ætlar að setja af stað stefnumótunarvinnu í vetur. Einnig var rætt um breytingar og stöðu skóla í breyttu umhverfi.

11. Skólalóðin

Stjórn Jeratúns ákvað á fundi síðsumars að fara í framkvæmdir og ljúka frágangi á lóð. Nú þegar hafa verið gerðar lagfæringar á lögnum og malbiki. Næsta sumar er áætlað að halda áfram með lóðina. Það eru til teikningar að lóðinni en efasemdir hafa verið varðandi nýtingu svæðis vegna skugga stórum hluta lóðar. Skólanefnd lýsir yfir ánægju og stuðningi við áform um áframhaldandi framkvæmdir og frágang lóðar FSN.

12. Stjórn Jeratúns

13. Önnur mál

- Er vert að skoða umsókn um styrk úr SSV – sóknaráætlun?
- Skólameistari kynnir mögulegt samstarf fjölda skóla varðandi iðnnám og fjarnám.
- Í október fer skólameistari á ráðstefnu skólastjórnenda í Kína.

Fundi slitið kl 19.00.